

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2011

2011/EES/54/23

frá 1. júlí 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1191/2010 frá 16. desember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1794/2006 um sameiginlegt innheimtukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66wd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 1191:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1191/2010 frá 16. desember 2010 (Stjtið. ESB L 333, 17.12.2010, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1191/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn reglugerð (EB) nr. 1070/2009, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 38, og EES-viðbætur nr. 43, 28.7.2011, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 333, 17.12.2010, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.